ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK

# MENNINGAR- OG TÓMSTUNDARÁÐS

# HÚNAÞINGS VESTRA

Mánudaginn 21. janúar 2013 kl. 9:00 kom Menningar- og tómstundaráð Húnaþings vestra saman til 109. fundar í Ráðhúsinu á Hvammstanga. Mæting samkvæmt undirskriftum, Guðmundur Ísfeld boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Skúli Þórðarson sveitastjóri fundar með ráðinu.
2. Menningarráð Norðurlands vestra
3. Eldur í Húnaþingi
4. Ungmennaráð
5. Hátíðir sem heyra undir íþrótta- og tómstundafulltrúa
6. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Skúli Þórðarson sveitarstjóri boðaði forföll, Leó Örn Þorleifsson oddviti mætti í hans stað og fór yfir breytingar á stjórnskipulagi og skipuriti Húnaþings vestra sem samþykktar voru af sveitarstjórn 17. janúar sl.
2. Formaður ráðsins kynnti úthlutunarreglur Menningarráðs Norðurlands vestra fyrir árið 2013.
3. Íþrótta- og tómstundafulltrúi tilkynnti að Gerður Rósa Sigurðardóttir hafi verið ráðin verkefnastjóri fyrir Eld í Húnaþingi árið 2013.
4. Íþrótta- og tómstundafulltrúi fór yfir starf Ungmennaráðsins undanfarin misseri og verkefnaskrá fyrir árið 2013.
5. Ráðið ræddi um hátíðar sem heyra undir Íþrótta- og tómstundafulltrúa.
6. Samkvæmt nýju skipuriti verður Menningar- og tómstundaráð lagt niður frá og með 1.apríl nk., ráðið sér ekki ástæðu til að funda fram að þeim tíma nema að nauðsyn beri til. Formaður vill þakka nefndarmönnum fundarsetu í ráðinu.

Fundargerði upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 10:20.

Halldór Sigfússon — Guðrún Lára Magnúsdóttir
Rakel Runólfsdóttir — Karólína Gunnarsdóttir
Jóna Gunnarsdóttir áheyrnarfulltrúi